

Ed.

642. Frumvarp til laga

[397. mál]

um veitinga- og gististaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka til sölu á gistingu, sölu veitinga annarra en áfengis og leigu á samkomusölum.

2. gr.

Til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að:

- a) vera fjárráða
- b) hafa forræði á búi sínu
- c) vera heimilisfastur á Íslandi og hafa verið það síðasta ár.

Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi skal falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita félagi, fullnægi ábyrgðarmaður þess ofangreindum skilyrðum.

3. gr.

Lögreglustjóri veitir leyfi samkvæmt lögum þessum.

Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og skal þá endurnýjað. Leyfið skal vera bundið við stað og nafn og er ekki framseljanlegt.

Synja má leyfisumsókn geri sérstakar aðstæður starfsemina óæskilega. Umsækjanda skal tilkynnt slík ákvörðun skriflega og ástæður tilgreindar.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

Lögreglustjóri skal tilkynna leyfisveitingu sveitarstjórn, eldvarnareftirliti, heilbrigðisnefnd og vinnueftirliti.

4. gr.

Skipti fyrirtæki um rekstraraðila skal strax sótt um nýtt leyfi. Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.

5. gr.

Protabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram meðan á skiptum stendur.

6. gr.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda starfsemi áfram í allt að eitt ár eftir dauðsfallið án nýs leyfis.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi er hann hefur veitt:

- a) ef skilyrðum 2. gr. er ekki lengur fullnægt
- b) ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum, eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi er leyfisvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

8. gr.

Flokkun gististaða er sem hér segir:

- a) Gistihús.
Gististaður, þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera með hverju herbergi. Undanþágu má þó veita fyrir hluta herbergja. Þó skal alltaf vera handlaug í hverju herbergi og fullbúin snyrting nærliggjandi.
- b) Gistiheimili.
Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
- c) Gistiskáli.
Svefnpokagisting í herbergjum eða svefnskálum.
- d) Gisting á einkaheimilum.
Gisting á heimili leigusala.
Gistileyfi veitir einnig rétt til veitingasölu samkvæmt ákvæðum þar um.

9. gr.

Flokkun veitingastaða er sem hér segir:

- a) Veitingahús.
Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fullkomna þjónustu.

- b) Skemmtistaður.
Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi, fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk og fullkomna þjónustu.
- c) Veitingastofa, greiðasala.
Veitingastaður með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk og takmarkaða þjónustu.
- d) Veisluþjónusta, veitingaverslun.
Máltíðasala, ekki til neyslu á staðnum.
- e) Einkasalir, félagsheimili og útisamkomur.
Tækifærisveitingar á opinberum samkomum eða einkasamkomum. Leyfi bundin við einstök tækifæri.

10. gr.

Rekstraraðilar er undir þessi lög falla skulu veita stjórnvöldum upplýsingar skv. nánari fyrirætlum Hagstofu Íslands. Slíkar upplýsingar skulu einungis notaðar til könnunar og skipulagningar á ferðaþjónustunni almennt og/eða rekstri veitinga- og gistihúsa sérstaklega sem atvinnugreinar.

11. gr.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir veitt leyfi samkvæmt lögum þessum og sér um að þau séu endurnýjuð. Á skránni skal vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin er rekin, hvenær leyfið var afhent, hvenær það gekk í gildi og annað það, er ráðuneytið kann að ákveða.

12. gr.

Um eftirlit fer skv. lögum og reglugerðum um hollustuhætti og heilbrigðismál, eftirlit og aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og brunamál.

13. gr.

Gististað er heimilt að halda farangri gesta til tryggingar ógreiddum og ófrágengnum skuldum.

Sé skuld ekki gerð upp er heimilt að selja viðkomandi eigur til skuldalúkningar.

14. gr.

Ráðherra setur reglugerð samkvæmt lögum þessum ekki síðar en sex mánuðum eftir gildistöku. Um gerð reglugerðarinnar skal hafa samráð við Samband veitinga- og gistihúsa og Hollustuvernd ríkisins.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með brot gegn lögnum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53/1963 og 2. gr. laga nr. 57/1982.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 20. apríl 1963 skulu halda gildi sínu þann tíma sem þau kveða á um.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af Matthíasi Bjarnasyni, samgönguráðherra, í ágúst 1983, en í henni áttu sæti Lúðvíg Hjálmtýsson, ferðamálastjóri, sem var

formaður, Hólmfríður Árnadóttir, framkvæmdastjóri og Kolbrún Harðardóttir, heilbrigðisráðunautur.

Frumvarpið er flutt svo til óbreytt efnislega. Aðeins er skotið inn 2. mgr. 2. gr., sem til varð í lögum nr. 57/1982.

Af hálfu nefndarinnar fylgdi frumvarpinu svohljóðandi greinargerð:

Hin nýju frumvarpsdrög eru töluvert frábrugðin núgildandi lögum. Greinum er fækkað verulega. Felld eru niður ákvæði, sem upp hafa verið tekin í önnur lög, er ná jafnframt til veitinga- og gistihúsa. Einnig eru felld út ákvæði, sem að mati nefndarinnar eiga ekki heima í lögum um veitinga- og gististaði, svo og ákvæði, sem vegna breyttra aðstæðna eru orðin úrelt.

Skal nú stuttlega gerð grein fyrir ákvæðum frumvarpsdraganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögin ná yfir alla sölu á gistingu til gesta og gangandi hvort heldur er á almennum gististöðum eða einkaheimilum. Einnig ná þau til allrar veitingasölu, sem almenningur á aðgang að þ. e. utan mótuneyta og stofnana, og leigu á samkomusölum til funda eða skemmtistaðahalds, með veitingum eða án. Í umræðum innan nefndarinnar voru skiptar skoðanir um hversu langt skyldi ganga, samanber ákvæði 9. gr., lið d og e.

Um 2. gr.

Almenn ákvæði um fjárræði, forræði og heimilisfesti.

Um 3. gr.

Almenn ákvæði um leyfisútgáfu, tíma, endurnýjun o. s. frv. Þær aðstæður geta verið til staðar er brjóta í bága við almannaheill, og því sé réttlæt看legt að synja leyfisumsókn þótt almennum skilyrðum sé fullnægt.

Í núgildandi lögum skal álits sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar leitað áður en leyfi er veitt. Í framkvæmd hefur raunin ærið oft orðið sú, að fyrir ferst að leita slíks álits, eða svör berast seint og illa. Rekstur hefst því á bráðabirgðaleyfum og er rekinn á þeim árum saman. Því er talið raunhæfara að skylda útgáfuaðila til þess að tilkynna strax þeim aðilum, er málið snertir, að leyfi hafi verið gefið út. Þeirra er síðan að starfa eftir þeim lögum, er um þeirra starfsemi gilda.

Um 4.—7. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 8.—9. gr.

Í þessum gr. er leitast við að flokka þá starfsemi, er undir lög þessi fellur. Við skiptinguna er einkum tvennt haft í huga:

- a. að gesturinn geti gert sér sem gleggsta hugmynd um þá starfsemi og þjónustu, sem í boði er.
- b. að áréttu, að öll sala á veitingum og gistingu, sem almenningur á aðgang að, fellur undir lög þessi.

Um 10. gr.

Mjög takmarkaðar tölulegar upplýsingar eru til um ýmsa þætti ferðaþjónustunnar. Háir þetta þetta allri skipulagningu greinarinnar. Er vilji bæði meðal einkaaðila og opinberra til að bæta þar úr.

Um 11. gr.

Talið er nauðsynlegt, að árlega sé gefin út skrá yfir gild leyfi, bæði til upplýsinga og til þess að fylgja endurnýjun eftir.

Um 12. gr.

Í nágildandi lögum og reglugerð við þau eru ákvæði um eftirlit með rekstri veitinga- og gistihúsa. Frá gildistöku laganna hafa hins vegar verið samþykktir sérstakir laga- og reglugerðabálkar um hina ýmsu eftirlitshætti. Gilda þeir um veitinga- og gistihús sem og annan atvinnurekstur. Telst óþarft að hafa tvenn lög um þessi atriði.

Um 13. gr.

Þjónusta gistihúsa er þess eðlils, að er að uppgjöri kemur, hefur gesturinn eytt því er greiða ber. Því verður veð ekki tekið í hinu selda. Þykir rétt að taka megi veð í einhverju öðru, er gesturinn hefur meðferðis.

Þess má geta að sambærilegt ákvæði er í nýsamþykktum norskum lögum um veitinga- og gistihús.

Um 14. gr.

Sem sjá má af frumvarpsdrögunum eru þau einföld í sniðum. Er gert ráð fyrir að mun nánari ákvæði verði sett með reglugerð, enda er hún sveigjanlegri og auðveldara um breytingar með breyttum starfsháttum og aðstæðum í atvinnugrein, sem er í örri þróun. Er sérstaklega bent á þörf þess að ákvarða með reglugerð:

- a. búnað gististaða.
- b. búnað veitingastaða.

Nefndin telur að í reglugerð um veitinga- og gististaði eigi að vera samræmd ákvæði um starfstíma veitingahúsa. Ákvæði hér að lútandi er nú að finna í reglum um slit á skemmtunum og öðrum samkomum frá 16. júlí 1979, lögum um almannafrið á helgidögum Þjóðkirkjunnar nr. 45/1926, reglugerð um sölu og veitingar áfengis nr. 118/1954 og gildandi samþykktum í hinum ýmsu sveitarfélögum landsins.

Um 15.—16. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Parfnast ekki skýringa.

Ed.

643. Nefndarálit

[149. mál]

um frv. til siglingalaga.

Frá samgöngunefnd.

Frv. þetta liggur nú fyrir Alþingi öðru sinni. Á síðasta þingi fékk nefndin málið til athugunar og sendi þá út beiðnir um umsagnir. Eftir þeim umsögnum var kallað að nýju í haust þegar frv. kom til nefndarinnar og hafa borist svör frá eftirgreindum aðilum:

Sjómannasambandi Íslands,
Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands,
Sjómannafélagi Ísfirðinga,
Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda,
Landssambandi ísl. útvegsmanna,
Verkalýðsfélagi Akraness,
Stýrimannafélagi Reykjavíkur,
Stýrimannafélagi Íslands,
Slysavarnafélagi Íslands og Hafskipum hf.

Hefur nefndin haft mið af þessum umsögnum við umfjöllun um frv. og við gerð breytingartillagna sinna, en að öðru leyti felst nefndin á frv. í meginráttum.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á 2., 9., 20., 39., 68., 69., 70., 73., 87., 120., 122., 127., 152., 159., 174., 184., 196., 204. og 242. gr., eru einkum orðalagsbreytingar sem horfa til glöggvunar en þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Varðandi breytingartillögu við 199. gr. skal tekið fram að nefndin taldi að orðalag 2. másl. fyrri mgr. samkvæmt frv. gæti leitt til óæskilegrar niðurstöðu, einkum gagnvart sjómönnum sem stundum eiga erfitt um vik að gæta réttar síns sökum langvarandi fjarvista og þess háttar, og er því lagt til að þessu ákvæði frv. verði breytt á þann veg að hæfilegt tillit sé tekið að þessu leyti til þarfa þeirra en jafnframt til hagsmuna grandlausra viðsemjenda eigenda skips, svo sem nánar er skýrt í greinargerð er fylgdi frv.

Þeim breytingum, sem lagt er til að gerðar verði á 221. og 226. gr. frv., er ætlað að tryggja eftir föngum að rannsókn sjóslysa verði sem nákvæmust og leiði til fullrar vissu um orsakir slyss og er mælt með auknum lögreglurannsóknum í því augnamiði. Jafnframt er lagt til að lögtekin verði ákvæði um skráningar- og tilkynningarskyldu slysa.

Breytingartillaga nefndarinnar við 172. gr. frv. er til samræmis við samkomulag sem Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands annars vegar og Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda og Landssamband íslenskra útvegsmanna hins vegar gerðu með sér um það efni þann 28. febrúar 1985, í tilefni af þáverandi vinnudeilu sjómanna og útgerðarmanna.

Dr. Páll Sigurðsson dósent, formaður endurskoðunarnefndar siglingalaga, hefur unnið með nefndinni og aðstoðað hana á ýmsan hátt við meðferð málsins.

Alþingi, 26. mars 1985.

Egill Jónsson,
form., frsm.
Jón Kristjánsson.

Karl Steinar Guðnason,
fundaskr.
Kolbrún Jónsdóttir.
Valdimar Indriðason.

Árni Johnsen.
Skúli Alexandersson.